



435. Stjórnarfundur haldinn 02. okt. 2014 kl:18:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Birgir Ingibergsson (BI), Sveinn Adolfsson (SA), Guðjón Axelsson (GA) og Birgir Már Bragason (BMB).
Fjarverandi: Þórður Magni Kjartansson (PMK).

1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Bréf frá UMFÍ, seinna fundarboð á sambandsráðsfund UMFÍ ásamt dagskrá og tillögum sem liggja fyrir fundinum. **EH mættir.**

Tölvupóstur frá skotdeild afrit af umsókn í íþróttasjóð ríkisins. **Móttekið.**

Fréttatilkynning frá ÍSÍ vegna ráðstefnu 13. október um afreksíþróttir. Hvers vegna vilja allir læra af Hollendingum. **Móttekið.**

Tölvupóstur frá formanni fimleikadeildar Gunnlaugi Kárasyni afrit af bréfi til bæjarráðs v/ rekstur á íþróttakademíunni. **Móttekið.**

3. Send bréf.

Tölvupóstur sendur á stjórnir deilda v/skil á greinum í jólablað Keflavíkur 2014.

4. Forvarnardagur Forseta Íslands.

Forvarnardagur Forseta Íslands var haldin í 9. bekk grunnskólum landsins 1. október.

Heiðarskóli óskaði eftir því að fá fulltrúa frá Keflavík til að fjalla um íþróttir og æskulýðsmál.

EH mætti fyrir hönd félagsins.

5. Keflavíkurdagur.

Fundagerð síðasta fundar liggur fyrir. Búið er að halda fjóra fundi. Keflavíkurdagurinn verður 11.

október 2014 frá kl. 13 :00 – 15:00 í íþróttahúsinu við Sunnubraut. Drög að dagskrá er komin og verið er að ræða við samstarfsaðila. Ákveðið á bjóða öllu stjórnarfólki í smá samsæti um kvöldið. Auglýsing er á vef VF og heimasíðu okkar. Heilsíðu auglýsing verður í VF 9. október. **Ákveðið að bjóða einhverri deild innan félagsins að taka að sér að sjá um veitingar um kvöldið. Framkvæmdastjóra falið málið.**

6. Jólablað Keflavíkur.

Umræður um opnuviðtal. Ákveðið var að taka viðtal við XXXXXXXXXXXX. **Framkvæmdastjóra falið að tala við viðkomandi hvort hann gefi færi á sér.**

7. Önnur mál.

Prufa fyrir dúka fyrir félagsheimilið liggur fyrir. **Framkvæmdastjóra falið að panta dúka.**

Hæfingarstöðin er komin með aðstöðu í sal 1 frá kl. 8:00 – 16:00 og sal 2 undir kaffi og hádegismat. Fyrir liggur drög að samningi við Reykjanesbæ. Bæjarráð hefur samþykkt samninginn en hann á svo eftir að fara fyrir bæjarstjórn.

Lokahóf knattspyrnudeildar fer fram í félagsheimili okkar 4. október og er stjórn félagsins og mökum boðið. Aðalstjórn þakkar gott boð.

Keflavík tekur þátt í þróun á að endurbæta Felixkerfi ÍSÍ og UMFÍ.

EH sagði frá því að sótt var um í Fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ fyrir skyndihjálp og í íþróttasjóð vegna dúkakaupa.

Komið er tilboð í að gera ljósinn dimmanleg í sal 1 og 2 ca sjöþúsundkrónur pr. ljós. **Samþykkt að fara í þetta og framkvæmdastjóra falið málið.**

Aðalstjórn óskar eftir því við forstöðumann íþróttahússins að húsið verði merkt sem félagsheimili og komi fyrir aftan K-lógóid. **Framkvæmdastjóra falið að senda beiðnina á forstöðumann íþróttahússins.**

BS sagði frá því að fyrsti fundur ÍRB hafði verið haldinn þar sem stjórn skipti með sér embættum og BS væri væri varaformaður ÍRB. Aðalstjórn óskar henni til hamingju með embættið.





Frh. **435. Stjórnarfundur haldinn 02. okt. 2014 kl:18:00**

7. Önnur mál.

Ákveðið að fara að huga að því að hitta deildir félagsins.

EH sagði frá fundi sem hann sat með knattspyrnudeild og fulltrúum íþrótt- og tómsundaráðs ásamt Stefáni Bjarkasyni og Ragnari Erni Péturssyni. Knattspyrnudeild boðaði til fundarins.

Umræður um erindi fimleikadeildar til bæjarráðs vegna rekstur á íþróttakademíunni. Deildir þurfa að kynna aðalstjórn allar meiri háttar skuldbindingar og fá heimild aðalstjórnar til skuldsetningar.

Næsti fundur er 16. október kl. 18:00

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:15

Fundinn ritaði BS

